

Lestur eykur orðaforða, tilfinningu fyrir málinu og stuðlar að því að fólk geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Mikilvægt er að skólar hlúi að nemendum með lestrarörðugleika með viðeigandi inngripi svo þeir dragist ekki aftur úr (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Til þess þyrfti að nota raunprófaðar kennsluáðferðir á borð við stýrða kennslu Engelmans og fimipjálfun. Stýrð kennsla byggist á þeirri hugmyndafræði að allir geti lært með skýrum leiðbeiningum. Kennarar fylgja yfirgripsmiklu handriti með dæmum um verkefni sem skipt er niður í lítil skref en þau stýra framvindu kennslunnar. Áhersla er lögð á sýnikennslu, hrós og staðfestingu réttra svara og rétta leiðréttingu rangra svara (Engelmann, 2014; Fredrick og Hummel, 2004; Slocum, 2004). Fimipjálfun byggist á því að ná fram fimi nemenda í ákveðnum verkefnum og að svörum þeirra verði áreynslulaus, rétt og hröð. Áðferðin getur bæði reynst sem kennslu- og matstæki á framvindu kennslunnar (Merbitz, Vietez, Merbitz og Pennypacker, 2004).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna áframhaldandi áhrif stýrðrar kennslu og fimipjálfunar á lestrargetu þátttakanda en hann hafði tekið þátt í sambærilegu verkefni tvisvar áður, fyrst í rannsókn Alexíu Margrét Jakobsdóttir, Júlíu Hafþórsdóttur og Svanhildar Ólafar Sigurðardóttur vorið 2019 og síðan í rannsókn Anítu Rutar Gunnarsdóttur og Salvarar Ágústu Ófeigsdóttur haustið 2019.

Aðferð

Þátttakandi rannsóknarinnar var 11 ára drengur með einhverfu og athyglisbrest með ofvirkni. Kennslustundir á rannsóknartímabilunum þremur fóru fram fjórum sinnum í viku yfir sirka sjö vikna tímabil. Stuðst var við A-B-A tilraunasið í rannsóknunum, til að meta áhrif stýrðrar kennslu og fimipjálfunar á lestrarfærni þátttakanda. Í grunnskeiði (A) voru teknar mælingar þar sem könnuð var færni þátttakanda í hljóðun íslenskra lágstafa. Í fhlutunarskeiði (B) var samsett kennsluáðferð innleidd en hún samanstóð af stýrðri kennslu og fimipjálfun. Að lokinni kennslu voru áhrif hennar metin með eftirfylgnimælingum (A) með því að hætta fhlutun. Færni nemanda í hverjum bókstaf var talin 100% ef hann náði að hljóða hann rétt við hverja af fimm birtingum hans í grunn- og eftirfylgnimælingum. Ef hann gerði eina villu var færnin talin vera í 80%, en 60% ef hann gerði tvær villur, 40% ef hann gerði þrjár villur, 20% ef hann gerði fjórar og að lokum taldist færnin vera 0% ef hann svaraði engum af atrennunum fimm rétt.

Í stýrðri kennslu er lögð áhersla á að hljóða stafina en ekki að kunna nafn þeirra og var það því grunnur verkefnanna. Kennslan byggist á því að „sýna, leiða og prófa“, það er að fyrst sýnir kennari nemanda hvernig stafurinn er borinn fram, svo hljóða kennari og nemandi saman og að lokum hljóðar nemandi stafinn án hjálpar. Verkefni þátttakanda fólu í sér meðal annars að hljóða stafi, lestur stuttra orða og skrift. Fimipjálfunarverkefnið var á þann veg að þátttakandi hafði eina mínútu til að hljóða sig í gegnum lista af lágstöfum, m.a. markstafinn hverju sinni.

Niðurstöður

Fjöldi bókstafa við 100% færni fyrir og eftir kennslutímabilin þrjú, vor 2019, haust 2019 og vor 2020, var borinn saman. Niðurstöður rannsókna sýndu fram á aukna færni þátttakanda í að þekkja og hljóða lágstafi. Fyrir fyrsta kennslutímabilið sýndi þátttakandi fram á 100% færni á 10 bókstöfum en eftir síðasta kennslutímabilið voru þeir orðnir 22. Sjá má nánari útlistun á niðurstöðum hvers tímabils á töflu hér til hliðar. Breytileiki var á frammistöðu þátttakanda innan tímabilanna. Ef horft er til töflunnar og myndarinnar hér til hliðar er ljóst að almennt hafi færnin aukist með hverju tímabili þó fjöldi bókstafa í 100% færni á grunnskeiði hafi ekki alltaf farið hækkandi. Bendir þetta til þess að aðferðirnar stýrð kennsla og fimipjálfun hafi skilað árangri hjá þátttakanda.

Heimildir

Alexía Margrét Jakobsdóttir, Júlía Hafþórsdóttir og Svanhildur Ólöf Sigurðardóttir. (2019). Áhrif stýrðrar kennslu Engelmans og fimipjálfunar á lestrarnám 10 ára drengs með einhverfu. Háskóli Íslands: Reykjavík.

Aníta Rut Gunnarsdóttir og Salvör Ágústa Ófeigsdóttir. (2019). Áhrif stýrðrar kennslu Engelmans og fimipjálfunar á lestrargetu 11 ára stráks með einhverfu og AMO. (Óbirt BS ritgerð). Háskóli Íslands: Reykjavík.

Engelmann, S. (2014). *Successful and confident students with Direct Instruction*. Eugene, OR: NIFDI Press.

Fredrick, L. D. og Hummel, J. H. (2004). Reviewing the outcomes and principles of effective instruction. Í D. J. Moran og R. W. Malott (ritstj.), *Evidence-based Educational Methods* (bls. 9-22). San Diego: Elsevier Academic Press. London: Elsevier. doi:10.1016/B978-012506041-7/50003-6

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Sótt 13. Mars 2020 af https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74&fbclid=IwAR26pSFzUwB1xa4Sj_v8DzPtosWInlS0Kw9agzSCHDAmuAQcnm4NnUBqjWw

Slocum, T. A. (2004). Direct Instruction: The big ideas. Í D. J. Moran og R. W. Malott (ritstj.), *Evidence-based educational methods*. San Diego: Elsevier Academic Press.

Góðir hlutir gerast hægt:

Áhrif stýrðrar kennslu Engelmans og fimipjálfunar á lestrarkunnáttu 11 ára drengs með einhverfu og AMO.


Samantekt á niðurstöðum þriggja rannsókna með sama þátttakanda.

Björg Einarsdóttir og Elín Margrét Ólafsdóttir

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, PhD

Samantekt

Bornar voru saman niðurstöður úr þremur rannsóknum sem gerðar voru með sama þátttakanda á árunum 2019-2020 á notkun stýrðrar kennslu Engelmans og fimipjálfunar til að auka lestrarfærni. Niðurstöðurnar leiddu í ljós aukna færni þátttakanda á að þekkja og hljóða íslenska lágstafi í kjölfar kennslunnar. Þátttakandi jók færni sína úr 10 bókstöfum í 22 bókstafi yfir kennslutímabilin þrjú.



	Grunnskeiðsmælingar Jan 2019	Eftirfylgni mælingar Mars 2019	Grunnskeiðsmælingar Sept 2019	Eftirfylgni mælingar Nóv 2019	Grunnskeiðsmælingar Jan 2020	Eftirfylgni mælingar Mars 2020
Fj. 100% færni	10	17	15	13	7	22
Fj. 80% færni	0	1	2	6	10	1
Fj. 60% færni	0	0	3	3	5	1
Fj. 40% færni	0	0	2	1	0	0
Fj. 20% færni	0	0	2	2	3	0
Fj. 0% færni	22	15	8	7	7	8
Stafir alls	32	32	32	32	32	32
Hlutfall í 100%	31%	53%	46%	40%	21,9%	68,8%
Hlutfall rétt alls	31,25%	55,62%	61,25%	63,75%	58,1%	73,1%